



Kópavogi, 23. júlí 2026  
2504623/ AK

## Stígakerfi. Breyting á 4. kafla aðalskipulags

### Umsögn um tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030

#### Umsögn skipulagsfulltrúa

Dags. 25. júní 2026 barst umsagnarbeðni frá Garðabæ þar sem óskað er eftir umsögn Kópavogsbæjar um tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030, þar sem gerð er breyting á ákvæðum sem ná til stígakerfa í 4. kafla aðalskipulags, mál nr. 387/2025 í Skipulagsgátt. Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa dags. 3. júlí 2026 var erindinu vísað til verkefnastjóra aðalskipulags. Í tölvupósti 7. júlí 2026 óskaði Kópavogsbær eftir fresti til að skila inn athugasemd og fékk frest til 20. ágúst 2026.

#### Umsögn

Kópavogsbær skilaði umsögn um vinnslutillögu aðalskipulagsbreytingar dags. 28. apríl 2026. Frá því vinnslutillagan var kynnt hefur umfjöllun um stígakerfi verið uppfærð.

Kópavogsbær bendir á að skoða ætti hvernig stofnstígur er sýndur á þéttbýlisuppdraetti, norðuruppdráttur. Þar er stígurinn sýndur innan sveitarfélagamarka Kópavogs, auk þess sem hann er sýndur liggja yfir hringtorg á mislægum gatnamótum Reykjanesbrautar og Arnarnesvegar. Líklega er ekki heppilegt að sýna landnotkun utan sveitarfélagsmarka Garðabæjar heldur væri hentugra að hafa slíka afmörkun á þematískum uppdraettum, sbr. uppdraetti á bls. 11 og 12 í greinargerð, eins og einnig er gert. Þá er sú afmörkun sem er sýnd á þéttbýlisuppdraetti, norðuruppdráttur, ekki í samræmi við Aðalskipulag Kópavogs 2019-2040 þar sem ekki hefur verið afmörkuð tenging sem fer þvert yfir hringtorg.

Kópavogsbær bendir á að stígatenging sem fer norður um Leirdalsop er merkt sem stofnstígur gerð A/B. Hins vegar er núverandi stígur á þessu svæði merktur í hjólréiðaneti höfuðborgarsvæðisins sem tengileið.

#### Niðurstaða

Kópavogsbær gerir ekki athugasemdir við tillögu að breyttu Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 vegna stígakerfis en bendir á framangreind atriði. Kópavogsbær leggur áherslu á að tengingar fyrir hjólandi og gangandi milli sveitarfélaga séu hnökralausar og að skipulag meginstíga innan hvers sveitarfélags sé unnið í samráði við önnur sveitarfélög.

F.h. skipulagsfulltrúa  
Andrea Kristinsdóttir  
Verkefnastjóri aðalskipulags

